



Reykjavík, 3. febrúar 2017

### **Efni: Útleiga veiðifélaga á fasteignum**

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) vilja með erindi þessu vekja athygli sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra á þeim breytingum sem gerðar voru á ákvæðum laga um laxa- og silungaveiði, nr. 61/2006, og samtökin telja að orki verulega tvímælis hvað varðar starfsemi veiðifélaga og lögbundnum hlutverkum slíkra félaga. Vísast hér til breytinga þeirra sem gerðar voru á 1. mgr. 37. gr. laganna með lögum nr. 50/2015. Að mati SAF var við umrædda lagasetningu ekki að öllu leyti gætt að álitamálum hvað varðar samkeppni á markaði með gistingu er viðkemur greiðslu opinberra gjalda sem og samræmi við félagafrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar, sbr. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Með umræddri lagabreytingu var hlutverk veiðifélaga, í því skyni að ná fram markmiðum laga um laxa- og silungaveiði, víkkað út á þá vegu að slíkum félögum er nú heimilað að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn og er veiðifélagi heimilt að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi. Breytingar þessar voru viðbrögð við dómi Hæstaréttar í máli nr. 676/2013 þar sem niðurstaða dómsins var sú að veiðifélagi væri óheimilt án samþykkis allra félagsmanna að selja veiðihús á leigu til almenns gisti- og veitingarekstrar utan skilgreinds veiðitíma samkvæmt ákvæðum laga um laxa- og silungaveiði.

SAF benda á, og fram kemur í áður nefndum dómi Hæstaréttar, að skylduaðild að veiðifélagi felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu fyrri málsliðar 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar að engan megi skylda til aðildar að félagi. Jafnframt er fólgin í þessari skipan takmörkun á eignarráðum fasteignareiganda hvað eignarrétt að veiði varðar. Af þessu leiðir að viðfangsefni veiðifélaga takmarkast á hverjum tíma af þeim verkefnum sem löggjafinn gagngert felur þeim og ótvírætt þarf að vera að þau séu í nánú samhengi við tilgang laganna og þau markmið sem skylduaðildinni er ætlað að tryggja. Í 1. mgr. 37. gr. laga um laxa- og silungaveiði kemur fram að tilvist veiðifélaga og skylduaðild að þeim er ætlað að tryggja að markmiðum laganna samkvæmt 1. gr. verði náð, en markmið laganna samkvæmt þeirri grein er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna þar og verndun þeirra. Í þessu felst meðal annars að ákvörðun veiðifélags um ráðstöfun stangveiði á félagssvæði sínu og samhliða henni ákvörðun um gisti- og veitingarekstur í veiðihúsi, sem reist hefur verið, á skilgreindum veiðitíma samkvæmt lögnum fellur tvímælalaust innan þeirra marka sem lög setja starfsemi veiðifélaga.

Að gefnu tilefni ítrekast að það er með öllu óljóst hvað felst í skyldri starfsemi, sbr. framangreind breyting samkvæmt lögum nr. 50/2015, og þá hvort slík almenn tilvísun til skyldrar starfsemi geti falið í sér annað og mun víðtækara hlutverk en veiðifélögum er falið til að tryggja skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna í ferskvatni og verndun þeirra. Vandséð er einnig hvort og hvernig útleiga á veiðihúsi, utan skilgreinds veiðitíma, í beinni samkeppni við almenna ferðaþjónustu samræmist því markmiði laga um laxa- og silungaveiði um að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskistofna í ferskvatni og verndun þeirra, sbr. 1. gr. laganna. Hvorki má ráða af umræddu ákvæði 1. gr. laganna né heldur athugasemdum við ákvæðið að skynsamleg, hagkvæm og sjálfbær nýting fiskistofna taki til

umsýslu eigna á forræði veiðifélaga. Að sama skapi afnema lög nr. 50/2015 ekki þá beinu tilvísun sem fram kemur í 1. mgr. 37. gr. laga um laxa- og silungaveiði um að veiðifélögum skuli vera markað hlutverk í samræmi við 1. gr. laganna. Skylduaðild að veiðifélagi, og að sama skapi undantekning frá stjórnarskrárvörðu félagafrelsi, getur því ekki falið í sér þátttöku í starfsemi sem hefur í þessu tilviki annað og meira hlutverk en það sem fram kemur í markmiðsákvæði umræddra laga og skylduaðild er ætlað að tryggja.


Þá benda SAF á að með umræddri lagabreytingu var samkeppni á markaði með gistingu raskað með hliðsjón af greiðslu opinberra gjalda. Í því samhengi ítrekast að sala veiðileyfa er ekki virðisaukaskattsskyld en samkvæmt 8. tölul. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, er fasteignaleiga undanþegin virðisaukaskatti en þar undir fellur endurgjald fyrir veiðirétt, hvort sem um er að ræða sölu lax- eða silungsveiðileyfa, enda sé það fast gjald, óháð veiðifeng. Fyrir umrædda lagabreytingu þurftu veiðifélög því að greiða fullan innskatt af þeirri starfsemi sem tengdist rekstri veiðihúss og félagsins enda höfðu slík félög ekki útskatt til að draga hann frá. Hins vegar, þegar útleiga veiðihúsa var gerð að sérstakri rekstareiningu innan veiðifélaga var tekin upp frjáls skráning til virðisaukaskatts fyrir veiðihús þó svo að veiðileyfi væru eftir sem áður ekki virðisaukaskattsskyld. Þetta tvöfalda fyrirkomulag vegna virðisaukaskattsskráningar leiðir til þess að innskattur umfram útskatt kann eftir atvikum að vera verulegur þar sem tekjur vegna útleigu veiðihúsa eru einungis hluti af rekstrarkostnaði þeirra. SAF telja að slíkt tvöfalt fyrirkomulag gangi gegn tilgangi laga um virðisaukaskatt um að innheimta þann mismun sem myndast á útskatti og innskatti. Með tvöföldu kerfi er hins vegar farið framhjá því markmiði. Hið nýja fyrirkomulag gagnvart starfsemi veiðifélaga kann því að leiða til verulegrar endurgreiðslu virðisaukaskatts til veiðifélaga í beinni samkeppni við aðra gistipjónustu sem ekki nýtur slíks skattalegs hagræðis. Lagabreytingin festir því í sessi fyrirkomulag sem getur einnig haft umtalsverð áhrif á tekjur ríkissjóðs ef veiðifélög taka upp tvískiptan rekstur hvað uppgjör á virðisaukaskatti varðar.

Að mati SAF er gagnrýnisvert að með þessari lagasetningu geti veiðifélög, sem stofnuð eru með undanþágu frá félagafrelsi stjórnarskrárinnar, breytt sér í atvinnurekstrarfélög og starfað í beinni samkeppni á markaði með gistipjónustu, þar sem sú atvinnugrein er túlkuð sem skyld starfssemi, og samhliða notið hagræðis af tvöfaldri skráningu við uppgjör virðisaukaskatts. Með þessu fyrirkomulagi hefur veiðifélögum, sem kjósa að selja gistingu, verið veitt verulegt samkeppnislegt forskot hvað þá mánuði varðar sem eru utan lögbundins veiðitíma.

Að mati SAF er núverandi fyrirkomulag óheppilegt, þ.e. að veiðifélag sem grundvallar starfsemi á áður nefndum sjónarmiðum og skylduaðild félagsmanna, starfi í beinni samkeppni við ferðapjónustu á sínu starfssvæði og nýtur í þeirri samkeppni skattalegs hagræðis er viðkemur virðisaukaskatti. Ekki eru hér gerðar athugasemdir við að fasteignir viðkomandi veiðifélaga séu nýttar í útleigu en gera verður þá kröfu að slík starfsemi fari fram á samkeppnisgrundvelli. Er það mat SAF að núverandi fyrirkomulag þarf að taka til endurskoðunar með það að markmiði að afnema þá samkeppnislegu röskun sem núverandi fyrirkomulag felur sannarlega í sér.

Er framangreindu hér með komið á framfæri við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Lárus M. K. Ólafsson  
Lögfræðingur SAF